

95. fundur stjórnar VMÍ

Haldinn í húsakynnum ÍBA

Fimmtudaginn 19.janúar 2017 kl.16.15



Mætt voru:

Þórunn Sif Harðardóttir, Siguróli Magni Sigurðsson, Margrét Ólafsdóttir og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir. Friðrik Einarsson og Helga S. Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Þórunn Sif formaður stjórnar setti fundinn.

1. Undirritun skýrslu stjórnar.

Skýrsla endurskoðenda um ársreikning 2015 var lesin. Ársreikningur fyrir árið 2015 var yfirfarinn og undirritaður. Fram kom að eftir er að skila skýrslu fyrri stjórnar og fjárhagsáætlun til Akureyrarbæjar. Formaður stjórnar vinnur í málinu.

2. Hlutverk og verkefni VMÍ.

Siguróli sagði frá nýrri heimasíðu VMÍ stefnt væri að að verði opnuð föstudaginn 20.janúar. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að gera áætlun um styrkveitingar og að fjármunir væru nýttir til fulls til í stað hagnaðar- og sjóðsmyndunar. Frekari umræðu frestað til næsta fundar

3. Erindi frá Skíðasambandi Íslands.

Bréf barst frá Skíðasambandi Íslands með ósk um styrk vegna snjóflóðanámskeiða. Erindið var rætt og samþykkt samhljóða að verða við beiðninni.

4. Önnur mál.

Stjórn lýsti yfir ánægju með að erindi Akureyrarbæjar um að fá greitt 15 milljón króna framlag mennta- og menningamálaráðuneytisins (sem var samþykkt í fjárlögum 2013 sem tímabundið framlag til Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands) fékkst samþykkt, vegna framkvæmda í Skautahöll.

Fundaráætlun

Lagt til að stjórnarfundir verði haldnir á miðvikudögum og samþykkt var að næsti fundur verði boðaður miðvikudaginn 8.mars kl. 16.15.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.05

Margrét Ólafsdóttir fundarritari